

Fluttar kr. 27160 80

6. Annað lausafje	—	1,815 10	
7. Heyfyrningar	—	125 00	
8. Útistandandi skuldir	—	122 44	
9. Kirkjan á Hvanneyri	—	3,800 00	33,023 34

Skuldir:

1- Skuldir við landssjóð	kr. 27,252 95	
2. Skuldir við kirkjusjóðinn	— 1,500 00	
3. Aðrar skuldir samkvæmt skrá amtmanns- ins	— 1,128 03	
4. Skuldir eptir skrá skólastjóra	— 220 50	
5. Mismunur	— 2,921 86	33,023 34

28. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1896.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar.	kr. 1000 00	
2. Niðurjöfnun	— 3656 00	4656 00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 500 00	
2. Heilbrigðismál	— 300 00	
3. Heyrnar- og málleysingjar	— 1600 00	
4. Sáttamál	— 10 00	
5. Kostnaður við notkun fangahússins í Vest- mannaeyjum og laun til fangavardar við hegningarhúsið	— 163 37	
6. Ferðakostnaður	— 200 00	
7. Menntamál (kvennaskólinn í Reykjavík)	— 100 00	
8. 2 afborganir upp í og vaxtagreiðsla afláni til Öfusárbrúarinnar	— 482 63	
9. Ýmisleg gjöld	— 300 00	
10. Eptirstöðvar.	— 1000 00	4656 00

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofa suðuramtsins, Reykjavík, 28. júlí 1895.

J. Havsteen.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramntinu 20.—22. maí 1895.

Ár 1895, mánudaginn 20. maí, var aðalfundur amtsráðs norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, umboðsmanni B. G. Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgeirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðar-

132 sýslu, Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum, og vara-amsráðsmanni Suður-Píngeyjarsýslu, prófasti Árna Jónssyni á Skútustöðum, sem mættur var í förföllum aðal-amsráðsmannsins þar, Benedikts sýslumanns Sveinssonar í Hjeðinshöfða.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1894 með fylgiskjölum.
 - a. Jafnaðarsjóðs norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Prentsmiðjúsjóðs norðuramtsins.
 - e. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu og
 - f. Amtsbókasafnsins á Akureyri.

Amsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

Voru reikningar þessir rannsakaðir og síðan samþykktir án athugasemda.

2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga 1894:
 - a. Húnavatnssýslu.
 - b. Skagafjarðarsýslu.
 - c. Eyjafjarðarsýslu og
 - d. Suður-Píngeyjarsýslu.

Amsráðið rannsakaði þessa reikninga og úrskurðaði þá.

3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikninga 1894:
 - a. Húnavatnssýslu.
 - b. Skagafjarðarsýslu.
 - c. Eyjafjarðarsýslu og
 - d. Suður-Píngeyjarsýslu, og voru þeir úrskurðaðir.
4. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 23. apríl þ. á., þar sem hann óskar að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin þar mætti taka 3000 kr. lán til að fullgjöra bryggju á Blönduósi. Amtsráðið samþykkti þetta með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað á 10 árum.
5. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu 1. marz þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin þar megi taka 3500 kr. lán til brúarbyggingar á Austur-Hjeraðsvötnin. Amtsráðið samþykkti þetta, en benti á, að bezt væri tilfallið, að lánið væri endurborgað með jafnri upphæð á 10 árum.
6. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 20. marz þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin þar megi verja til brúargjörðar á Djúpadalsá 500 kr. af sýsluvegafje og til brúa yfir Tunguárnar 60 kr. af sama fje. Amtsráðið samþykkti þetta.
7. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 20. marz þ. á., ásamt útdrætti úr gjörðabók sýslunefndarinnar um það, að sýslunefndin legði það

fil, að futningsbrant skuli leggja fram Eyjafjörð. Amtsráðið ályktaði, að fresta tillögum sínum um málið þangað til vegfræðingur hefði skoðað vegarstæðið. 132

8. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 10. þ. m., ásamt útdráttum úr gjörðabókum sýslunefndanna í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu óskar, að landsstjórnin haldi áfram þjóðveginum frá Akureyri að Húsavík, en samkvæmt vegalögunum 13. apríl 1894 eru þjóðvegir þeir vegir, sem aðal-póstleiðir liggja um. Nú liggur aðal-póstleið eigi um Húsavík og er því þjóðvegur að eins á nokkrum hluta vegarins frá Akureyri að Húsavík, nefnilega frá Akureyri að Grenjaðarstað. En á þeim vegi eru miklar torfærur, einkum á Ljósavatnsskarði og á Fljótsheiði, og felur amtsráðið því forseta sínum að reyna að fá upplýsingar um, hverjar torfærur þurfi helzt viðgerðar, og sækja síðan til landshöfðingja um nægilegt fjá til vegabóta þessara.
9. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 28. febr. þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki ákvæði sýslunefndarinnar á fundi 19.—23. s. m., að vegurinn frá Kárastaðaferju út á Sauðárkrók verði felldur úr sýsluvegatölu, en aptur á móti tekinn í tölu þeirra vegur, beggja megin við Austurvatnabrúna, að vestanverðu út og upp undir brekkurnar fyrir utan Garð, og að austanverðu upp fyrir austan Gljúfrá á hreppsveginn í Viðvíkurhreppi. Amtsráðið samþykkti þetta.
10. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 1. marz þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki þau ákvæði sýslunefndarinnar, að ferjan á Tjörn yfir vesturós Hjeraðsvatnanna verði lögð niður, með því að bóndinn á Utanverðunesi taki að sjer að ferja yfir ós þenna frá báðum löndum. Amtsráðið samþykkti þetta.
11. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, frá 20. marz þ. á., þar sem hann óskar að amtsráðið samþykki ákvæði sýslunefndarinnar þar, að tekinn verði í sýsluvegatölu um 700 faðma langur vegur í Svarfaðardal frá Ytrahvarfi um brú á Skiðadalsá að Hreiðarstöðum. Amtsráðið samþykkti þetta.
12. Fram var lagt brjef landshöfðingja 15. jan. þ. á., um, hvernig skipta skuli milli norðuramtsins og austuramtsins styrk af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans, frú Þórunnar Hannesdóttur, sem norður- og austuramtíð á samkvæmt skipulagsskránni að verða aðnjótandi í 3 ár, svo og hvernig styrk þessum skuli varið. Amtsráðið ályktaði, að styrk þessum verði skipt milli norðuramtsins og austuramtsins, eins og eignum hefir áður verið skipt milli þeirra, þannig, að til norðuramtsins gangi $\frac{16}{27}$ en til austuramtsins $\frac{11}{27}$, en tillögum um, hvernig skuli verja styrknum, frestaði amtsráðið til næsta aðalfundar.
13. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda:
 - a. Frá Húnavatnssýslu af fundi 18.—22. marz þ. á.
 - b. — Skagafjarðarsýslu af fundi 19.—23. febr. þ. á. og 26. apríl þ. á.

132

c. Frá Eyjafjárðarsýslu af fundi 5.—8. marz þ. á. og

d. — Suður-Píngeyjarsýslu af fundi 8.—11. apríl þ. á.

Voru eptirrit þessi yfirfarin og þótti ekkert við þau athugavert.

14. Forseti skýrði frá, að enn væri eigi áveðið um brúna á Valagilsá, með því að upplýsingar hefði vantað um brúarstæði við ána. Eptir nokkrar umræður ljet amtsráðið í ljósi það eindregið álit, að brúin yrði höfð fyrir neðan árgljúfrin og sem mest eptir tillögum Einars Guðmundssonar á Hraunum, því að á þann hátt verði brúin kostnaðarminnst og henni að öllum líkindum mjög lítil bætta búin af ánni.
15. Forseti skýrði frá hag amtsbókasafnsins. Eptir nokkrar umræður ákvað amtsráðið að kjósa 3 manna nefnd til að semja reglur um notkun safnsins, sjerstaklega með tilliti til þess, að hreppsnefndum og lestrarfjelögum verði gefinn kostur á að fá bækur af amtsbókasafninu, svo og um kosning á stjórn fjelagsins o. s. frv., og skyldi nefndin hafa lokið störfum sínum fyrir næsta aðalfund amtsráðsins. Kosningu hlutu:
 - síra Jónas Jónasson, Hrafnagili,
 - amtmaður Páll Briem, Akureyri og
 - kennari Stefán Stefánsson, Möðruvöllum.
16. Fram voru lagðar skýrslur og reikningar kvennaskólans á Ytri-ey og Laugalandi. Eptir að amtsráðið hafði athugað skjöl þessi, veitti það kvennaskólum þessum hvorum fyrir sig 300 kr.
17. Forseti skýrði frá, að auk þeirra heyrnar- og málleysingja, sem eru til kennslu úr norðuramtinu, þá væru enn í amtinu heyrnar- og málleysingjar, sem þyrftu að fá kennslu, nefnilega:
 1. Halldóra Steinunn Andrjesdóttir á Reykjavöllum í Skagafirði, fædd 9. október 1883.
 2. Málmfriður Einarsdóttir á Rauðhúsum í Eyjafirði, fædd 30. maí 1882.
 3. Jón Þorsteinn Kristjánsson á Sæbóli í Píngeyjarsýslu, fæddur 31. desember 1883.
 4. Friðrik Jónsson á Kálfsá í Ólafsfirði, fæddur 6. jan. 1883, og auk þess væri heyrnar- og mállaus stúlka, Guðbjörg Jóhannesdóttir á Hallbjarnarstöðum í Reykjadal, sem hefði um tíma notið kennslu síra Páls Pálssonar í Þingmúla og þyrfti að fá frekari kennslu. Amtsráðið fól forseta sínum að reyna að koma heyrnar- og málleysingjum þessum á innlenda stofnun, ef hægt væri, þó svo, að reynd verði lækning á heyrnarleysi Málmfriðar Einarsdóttur.
18. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Skagafjárðarsýslu, 28. febr. þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki fjárveiting sýslunefndarinnar þar á 100 kr. úr sýslusjóði til bráðabyrgðar sjúkraskýlis á Saudárkrók. Amtsráðið samþykkti þetta.
19. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Píngeyjarsýslu, þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki ályktun sýslunefndarinnar í Suður-Píngeyjarsýslu, að jafna megi á hreppssjóðina 20 aurum á hvert lausafjár- og ábúðarhundrad. Amtsráðið samþykkti þetta.

20. Forseti skýrði frá, að hann hefði 2. jan. þ. á. skrifað öllum sýslumönnum í norður- og austuramtinu og lagt fyrir þá, að útvega álit sýslunefndanna um, hvað þeim þætti tiltækilegt að gjöra til þess að sporna við kláða á sauðfje. Sýslunefndirnar hafa allar látið upp álit sitt um þetta mál og flestar þeirra jafnframt látið skoða fje í sýslunum og lagði forseti jafnframt fram álit allra sýslunefnda, svo og skoðunargjörðir í mörgum hreppum í ömtunum; tók síðan amtsráðið til að ihuga, hvað gjöra skyldi framvegis til þess að sporna við kláða á sauðfje, og eptir allmiklar umræður ályktaði það, að fela forseta sínum að leggja fyrir allar sýslunefndir, að láta fram fara nákvæma skoðun á sauðfje, helzt rjett áður en fje er sleppt úr húsi næsta vor, að brýna fyrir sýslumönnum að leggja fyrir hreppstjóra og hreppsnefndir, að hafa nákvæmt eptirlit með, að kláðakindur verði aðskildar frá öðru fje og læknaðar, og að brýna fyrir bændum að bera í allt fje ekki að eins fyrri part vetrar, heldur og rjett áður en fje er sleppt úr húsi að vorinu, hafi nokkur kláða vottur fundizt í því að vetrinum.
21. Amtsráðið ákvað að fela forseta, að láta nákvæmlega skoða á útflutningsstöðum allt fje, er sent yrði til útlanda, af tilkvöddum mönnum eins og verið hefir að undanfögnu.
22. Fram voru lögð eptirfylgjandi skjöl og reikningar viðvikjandi búnaðarskólunum á Hólum:
- a. Prentuð skýrsla um skólann 18⁹³/₉₄.
 - b. Endurrit af gjörðabók stjórnarnefndarinnar og samrit af skólareikningi 18⁹⁴/₉₅.
 - c. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins á reikningum skólans 1892—93 með áritun um fullnustugjörð.
 - d. Reikningur skólabúsins 1893—94 með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 14. maí 1894, athugasemdum við reikninginn, svörum og tillögum til úrskurðar.
 - e. Reikningur skólasjóðs með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 14. maí 1894, og var hann endurskoðaður án þess að gjörðar hefðu verið athugasemdir við hann.
 - f. Fjárhagsreikningar skólans 1893—94, er var endurskoðaður án þess að gjörðar væru við hann athugasemdir.
 - g. Reikningur Hólakirkju 1893—94 með skrá yfir innstæðu 14. maí 1894, athugasemdum við reikninginn og svörum. Amtsráðið yfirfór reikninga þessa og úrskurðaði þá.
23. Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði með brjefi, dags. 1. marz þ. á., samþykkt 20,000 kr. lántöku amtsráðsins til Hólaskóla og gefið von um, að lánið fengist úr landssjóði, þannig, að það ávaxtaðist og endurborgaðist á 28 árum með 6 %.
24. Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði með brjefi, 9. október f. á., látið í ljósi, að hann fyndi ekki ástæðu til að skipa Norður-Þingeyjarsýslu að ganga í búnaðarsamsand við hinar sýslurnar, og ályktaði amtsráðið því, að ákveða,

132

- að piltar úr Norður-Pingeyjarsýslu, er veitt yrði inntaka á búnaðarskólann á Hólum, skyldu fyrst um sinn greiða 50 kr. meðgjöf með sjer á ári.
25. Var lagt fram bönarbrjef frá barnakennara Páli Jónssyni á Akureyri, 20. þ. m., þar sem hann fer fram á, að amtsráðið endurnýi 200 kr. fjárveitingu þá, er amtsráðið veitti honum á síðasta aðalfundi sínum, sem styrk til utanferðar til að kynna sjer barnaskóla þar, og enn fremur óskar hann eptir 100 kr. viðbót eða alls 300 kr. Amtsráðið samþykkti, að endurnýja veitinguna, 200 kr., í nefndu augnamiði til beiðandans, er áður hafði eigi getað notað fjárveitingu amtsráðsins.
26. Fram var lagt erindi frá Sigtryggi bónda Kristjánssyni í Kasthvammi, þar sem hann óskar, að amtsráðið felli úr gildi þann úrskurð sýslunefndarinnar í Suður-Pingeyjarsýslu, að útsvar hans skuli hækkað um kr. 5.50. Sýslunefndin hafði hækkað útsvarið án þess að þessi útsvarshækkun hefði verið lögð undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, og felldi amtsráðið því úrskurð sýslunefndarinnar úr gildi.
27. Fram var lagt erindi frá hreppsnefndinni í Húsavíkurhreppi 8. þ. m., þar sem hún óskar, að felldur verði úr gildi sá úrskurður sýslunefndarinnar í Suður-Pingeyjarsýslu, að sveitarútsvar kaupfélags Pingeyinga skuli fært niður úr 100 kr. í 20 kr., er skuli hvíla á söludeild fjelagsins, en ef fjelagið í heild sinni verði álitid útsvarsskylt — en þessi spurning liggur fyrir dómstólunum —, þá skuli útsvarið vera alls kr. 40,00. Amtsráðið áleit, að sýslunefndin hefði eigi farið fram yfir vald sitt og felldi úrskurð sýslunefndarinnar því eigi úr gildi.
28. Fram var lagt erindi frá sýslunefndinni í Suður-Pingeyjarsýslu, þar sem sýslunefndin óskar, að Aðaldælahreppur verði gjörður að sjerstöku yfirsetukvennaumdæmi í Suður-Pingeyjarsýslu, og að öðrum yfirsetukvennaumdæmum verði breytt í sambandi við þetta. Eptir nokkrar umræður ákvað amtsráðið, að yfirsetukvennaumdæmi í Suður-Pingeyjarsýslu skyldu vera:
1. Húsavíkurhreppur.
 2. Aðaldælahreppur.
 3. Reykjadalshreppur.
 4. Skútustaðahreppur.
 5. Nyrðri hluti Ljósavatnshrepps vestan Skjálfandafjöts að Ljósavatni.
 6. Syðri hluti Ljósavatnshrepps að Ljósavatni meðtöldu.
 7. Hálsprestakall.
 8. Þönglabakkaprestakall með Heiðarhúsum og Grímslandi í Laufás-sókn.
 9. Grenivíkurprestakall og Laufássókn, að frá skildum Heiðarhúsum og Grímslandi.

(Niðurl.).

Óveitt prestakall.

Útskðlar í Kjalarnessprófastsdæmi (Útskála-, Hvalsness- og Kirkjuvogssóknir). — Lán hvílir á prestakallinu, tekið 1889, upphaflega 7500 kr., er afborgast á 25 árum (Stj.tíð. 1889, B. bls. 78). Metið 1696 kr. 88 aur. Anglýst 1. Nóvember. Veitist frá næstu fardögum,

Skýrsla

132

um aðalfund amtsráðsins í norðuramtinu 20.—22. maí 1895.

(Niðurl.).

29. Var rædd og samþykkt svohljóðandi

áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norðuramtsins 1896.

Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar	kr. 1200 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 4600 00
	Kr. 5800 00

Gjöld:

1. Til amtsráðsins	kr. 400 00
2. — heilbrigðismála	— 400 00
3. — menntamála:	
a. kvennaskólans á Ytri-Ey	kr. 300 00
b. kvennaskólans á Laugalandi	— 300 00
c. amtsbókasafnsins	— 200 00
d. Páls kennara Jónssonar	— 200 00
	— 1000 00
4. Til heyrnar og málleysingja	kr. 2800 00
5. Vextir og afborgun af Skjálfandabréuárláni	— 118 52
6. Til fjárskoðunar	— 300 00
7. — fangahússins á Akureyri	— 50 00
8. Óviss útgjöld	— 731 48
	Kr. 5800 00

Fleiri mál komu eigi til umræðu.

Fundi slitið.

Skrifstofu norðuramtsins, Akureyri, 12. júní 1895.

Í fjarveru amtmanns Páls Briem.

Klemens Jónsson,
settur.

Reikningur

133

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins 1895.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1893:	kr. a.	kr. a.
a. Jafnaðarsjóðsgjald úr Dalasýslu ekki goldið; upp- hæð óákveðin, því reikningur var ekki kominn	» »	
b. Peningar mestmegnis í bankanum		2194 93
	Flyt	2194 93

31. dag desembr.mán. 1895.